



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	29. september 2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Berglindi Magnúsdóttur
Verkefni/tillaga:	Tillaga að reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu
Þjónustubáttur:	Stuðningsþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	Heimaþjónusta í Efri byggð, Miðbyggð og Vesturbyggð.
Fjárhæð:	36 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Markmiðið er að setja af stað þróunarverkefni innan heimaþjónustu um félagslegan stuðning við fólk með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Um 30 einstaklingar myndu geta tekið þátt í verkefninu sem er til tveggja ára. Tillagan er lögð fram samhliða reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu en þar er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.- 27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Verkefnið mætir þörf sem áður hefur ekki verið hægt að mæta með markvissum hætti af heimaþjónustu.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan snýr að þeim sem eru heilabílaðir en geta búið á eigin heimilum og fjölskyldum þeirra.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Einstaklinga með heilabilun sem aðstæðna sinna vegna geta búið heima og fjölskyldum þeirra. Um leið og hinum heilabílaða einstaklingi er veittur stuðningur mun aðstandendum gefast kostur á að fara út af heimilinu og sinna hugðarefnum sínum með þá vissu að hinn heilabílaði einstaklingur væri í öruggum höndum. Með þessu móti væri verið að létta álagi af heimilinu og bæta lífsgæði fjölskyldunnar.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.